

Nd.

94. Frumvarp til laga

um menntun kennara.

Frá menntamálanefnd.

I. KAFLI

Um Kennaraskóla Íslands.

1. gr.

Kennaraskóli Íslands starfar í fjórum ársdeildum, eigi skemur en 8 mánuði á ári.

2. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. kennarastarf í barna- og unglíngaskólum landsins;
2. uppeldisstörf félagslegs eðlis, svo sem við barna- og unglíngaheimili, barnaleikvelli, fávitahæli, störf á vegum barnaverndarnefnda og annað þess konar;
3. framhaldsnám við Háskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, handíða-kennaraskóla og húsmæðrakennaraskóla.

3. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót og ári eldri fyrir hverja aðra ársdeild;
2. að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið eða gert hann sjálfan óhæfan til kennslustarfa;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

4. gr.

Rétt til inngöngu í fyrsta bekk veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með þeirri lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð. Þeim, sem búa sig ekki undir almennt kennarapróf, heldur smábarnakennslu, kennslu í sérgreinum eða uppeldisstörf önnur en kennslu, veitir miðskólapróf verknámsdeildar einnig sama rétt með sams konar takmörkunum.

5. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslensk fræði, eitt Norðurlandamál, ensku, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði, heilsu-

fræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristin fræði, uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, skrift, teiknun, handavinnu, íþróttir og söng. Nánari ákvæði um nám og námsgreinar setur fræðslumálastjórn í reglugerð.

6. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok skólaárs, og er próf fjórða bekkjar almennt kennarapróf. Ljúka má námi í einstökum gagnfræðagreinum í öðrum eða þriðja bekk, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á kennaraprófsskírteini.

7. gr.

Þeim, er búa sig eingöngu undir kennslu við smábarnaskóla, í sérgreinum eða undir það að taka að sér uppeldisstörf önnur en kennslu, er eigi skylt að stunda nám í öllum þeim greinum, er að framan hafa verið taldar. Fer um nám þeirra og réttindi eftir reglugerð, er fræðslumálastjórn setur.

8. gr.

Með reglugerð, er fræðslumálastjórn setur, má ákveða, að stúdentspróf í almennum námsgreinum, svo sem íslenzku og íslenzkum fræðum, erlendum tungumálum, náttúrufræði, landafræði og sögu, hafi kennaraprófsgildi. Skulu þeir stúdentar, er þreyta kennarapróf, ekki prófskyldir í þeim námsgreinum, sem í reglugerðinni eru taldar. Einkunnir stúdentsprófsins í þessum greinum skulu færðar á kennaraprófsskírteini þeirra og reiknaðar í aðaleinkunn kennaraprófsins.

9. gr.

Með reglugerð, er fræðslumálastjórn setur, má ákveða, að kennarapróf í almennum námsgreinum, svo sem íslenzku og íslenzkum fræðum, ensku, Norðurlandamálum, kristnum fræðum og sögu hafi stúdentsprófsgildi. Skulu þeir, sem stúdentspróf þreyta að loknu kennaraprófi, ekki prófskyldir í þeim námsgreinum, er reglugerðin greinir. Einkunnir kennaraprófsins í þessum greinum skulu færðar á stúdentsprófsskírteini þeirra og reiknaðar í aðaleinkunn stúdentsprófsins.

10. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum. Kennsluskylda skólastjóra skal ákveðin í erindisbréfi. Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild, auk skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara eftir þörfum í samráði við fræðslumálastjórn. Skyldustundir skulu vera 27 á viku. Kennlustund telst 45 mínútur.

Um skyldur og réttindi kennara skal nánar tekið fram í erindisbréfi, er fræðslumálastjórn gefur út.

II. KAFLI

Um kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands.

11. gr.

Við heimspekisdeild Háskóla Íslands skal koma á fót kennslustofnun í uppeldisvísindum, jafnskjótt og aðstaða er fengin til æfinga- og tilraunakennslu. Hlutverk þessarar stofnunar er að veita kennurum við barnaskóla og skóla gagnfræðastígsins, menntaskóla og sérskóla menntun í uppeldisfræði, sálarfræði og kennslufræði. Auk þess skulu kennarar í uppeldisvísindum annast rannsóknir og leiðbeiningar í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem samrýmist kennslustörfum þeirra.

12. gr.

Þeir nemendur, sem búa sig undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins, skulu stunda kennsluæfingar í þeim skólum, en þeir, sem búa sig undir að verða kennarar í menntaskóla eða sérskóla, skulu stunda kennsluæfingar í menntaskóla eða samsvarandi sérskóla. En að öðru leyti fara kennsluæfingar og annar hagnýtur starfsundirbúningur fram í æfinga- og tilraunaskóla. Háskólakennarar, sem þessa kennslu annast, og nemendur þeirra hafa aðgang að slíkum skóla til athugana og tilrauna.

13. gr.

Rétt til að stunda nám í uppeldisvísindum við stofnun þessa og taka þar próf hafa allir þeir, sem lokið hafa almennu kennaraprófi, svo og stúdentar.

14. gr.

Til að veita þessari stofnun forstöðu og annast þar kennslu skal skipaður einn prófessor. Um skipun hans, launakjör og stöðu fer eftir sömu reglum og um aðra prófessora háskólans. Prófessorinn í forspjallsvísindum og almennt heim-speki annast þar enn fremur kennslu, eftir því sem samrýmist störfum hans. Að öðru leyti skal kennsla falin aukakennurum, er heimspekideild ræður, og greiðist kostnaður úr ríkissjóði.

Um samstarf þessarar stofnunar og æfinga- og tilraunaskóla skal kveða á í reglugerð.

15. gr.

Barnakennurum, sem stunda nám í uppeldisvísindum í háskólanum, er skylt að leggja stund á eftirtaldar greinar:

- a. lífeðlisfræði, almenna og hagnýta sálarfræði, sálarfræði barna og unglunga, heilbrigðra, geðveiklaðra, vangefinna og siðferðilega vangæfra;
- b. vísindalega og hagnýta uppeldisfræði, sögu uppeldisfræðinnar, sögu uppeldisins, einkum hér á landi, og uppeldislega siðfræði og félagsfræði;
- c. almenna kennslufræði og kennsluæfingar í einstökum greinum.

Þeir nemendur, sem búa sig undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins, menntaskóla eða sérskóla, skulu leggja stund á almenna sálarfræði barna og unglunga og kennslufræði, einkum í þeim greinum, sem þeir öðlast réttindi til að kenna.

Kennsla fer fram í fyrirlestrum, tilraunum og æfingum. Sérstaka áherzlu ber að leggja á sjálfstæða vinnu nemenda.

Að öðru leyti fer um nám og próf eftir reglugerð, sem sett er samkv. 2. gr. háskólaganna, 23. júní 1936.

III. KAFLI

Um æfinga- og tilraunaskóla.

16. gr.

Stofna skal í Reykjavík skóla til kennsluæfinga og tilrauna.

17. gr.

Skólinn starfar sem æfingaskóli kennaraskólans. Skal hann hafa uppeldis- og kennslufræðilegar athuganir með höndum, einkum varðandi barnafræðslu og gagnfræðanám. Skal hann og hafa forgöngu um, að slíkar athuganir verði gerðar í öðrum skólum og unnið úr þeim. Þá getur fræðslumálastjórn falið skólanum að annast útgáfu leiðbeiningarrita fyrir kennara og aðra uppáendur, enn fremur samningu og útgáfu verkefna fyrir skólana, m. a. verkefna í landspróf.

18. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón skólans og setur honum reglugerð. Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Skólanum stjórnar skólastjóri og þriggja manna ráð, skipað skólastjóra kennaraskólans, prófessor við kennslustofnun í uppeldisvísindum og sérfræðingi í uppeldis- og fræðslumálum, er kennslumálaráðherra skipar til fjögurra ára að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, og sé hann formaður ráðsins. Ráðið annast venjuleg skólanefndarstörf við skólann og hefur auk þess á hendi yfirstjórn þeirra atvugana, sem fram fara á vegum skólans, sér um, að sendar séu skýrslur um þær, og gerir ásamt skólastjóra tillögur til fræðslumálastjórnar um nýjungar í skólumálum, sem það telur rétt að taka upp samkvæmt niðurstöðum tilraunanna.

20. gr.

Skólaráð gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um veitingu skólastjórastöðunnar. Skólastjóri við skólann skal hafa lokið háskólanámi í uppeldis- og kennslufræðum og auk þess starfað með góðum árangri að skóla- eða uppeldismálum.

21. gr.

Skólaráð gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um val kennara, og hve margir kennarar skulu vera á hverjum tíma. Að jafnaði skal leitast við að fá hina færustu meðal starfandi kennara við aðra skóla til að kenna og gera tilraunir við skólann, enda fái þeir þá leyfi frá störfum við skóla sína, eftir því sem nauðsynlegt er talið.

22. gr.

Í skólanum skulu starfa að minnsta kosti eins margar deildir og skólaskylda nær til margra aldursára á hverjum tíma.

IV. KAFLI

Um Íþróttakennaraskóla Íslands.

23. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands starfar að Laugarvatni eða annars staðar, ef hentara þykir. Hann er eins árs skóli, og er skólaárið eigi skemmra en 9 mánuðir. Heimilt er enn fremur að halda námskeið í ýmsum íþróttum við skólann.

24. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. sérkennslu í íþróttum í barna- og gagnfræðaskólum, svo og öðrum skólum, sem reknir eru eða styrktir af almanna fé.
2. kennarastörf í íþróttum, einni grein þeirra eða fleiri, hjá félögum, stofnunum eða einstaklingum.

25. gr.

Aðalkennslugreinar skólans skulu vera: Íþróttir alls konar, líkams- og heilsufræði, íþróttasaga, íþróttakennslufræði og kennsluæfingar, svo og fræðsla um nauðsynleg áhöld og mannvirki til íþróttaiðkana. Um námsefni skal nánar ákveðið í reglugerð.

26. gr.

Inntökuskilyrði eru þessi:

1. að nemandi sé eigi yngri en 18 ára um næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til íþróttaiðkana;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði;
4. að nemandi hafi lokið miðskólaprófi eða hlotið hliðstæða menntun.

27. gr.

Til þess að öðlast íþróttakennararéttindi samkvæmt 1. tölulið 24. gr. skal nemandi hafa lokið prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands og almennu kennaraprófi.

Í reglugerð skal setja ákvæði um námsefni og prófkröfur fyrir þá nemendur, sem öðlast vilja takmörkuð réttindi til ípróttakennslu samkvæmt 2. tölulið 24. gr.

28. gr.

Við ípróttakennaraskólann skal starfa einn fastur kennari auk skólustjóra. Skólustjóri ræður stundakennara í samráði við fræðslumálastjórn.

29. gr.

Þriggja manna skólanefnd hefur umsjón með skólanum. Í skólanefnd eiga sæti: Ípróttafulltrúi ríkisins og 2 menn, er fræðslumálastjórn skipar til fjögurra ára í senn. Skal annar þeirra vera skólustjóri Laugarvatnsskólans, meðan skólinn starfar þar.

30. gr.

Í reglugerð skólans setur fræðslumálastjórn nánari ákvæði um verksvið skólustjóra og skólanefndar.

V. KAFLI

Um Handiðakennaraskóla Íslands.

31. gr.

Stofna skal skóla til að veita menntun þeim, sem vilja gerast sérkennarar í handiðum við barnaskóla, skóla gagnfræðastigsins og húsmæðraskóla. Skólinn nefnist Handiðakennaraskóli Íslands. Skólinn veitir sérmenntun í hvers konar handavinnu karla og kvenna og teiknun. Hann á að fræða nemendur um uppeldisgildi þessara námsgreina og gefa þeim kost á æfingum í að kenna þær.

32. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi sé eigi yngri en 19 ára um næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til handiðanáms;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði;
4. að nemandi hafi lokið almennu kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að dómi fræðslumálastjórnar.

33. gr.

Fastir nemendur skólans skulu njóta kennslu eigi skemur en 9 mánuði. Auk þess getur skólinn tekið við nemendum á skemmri námsskeið, annaðhvort til undirbúnings undir hið reglulega nám eða til viðbótarnáms á eftir því. Þá getur skólinn einnig haft námsskeið í einstökum greinum handiða.

34. gr.

Í reglugerð skal kveða nánar á um námsgreinar og námsefni. Þar skulu og settar reglur um viðbótarnám fyrir þá, sem vilja gerast sérkennarar í handiðum við skóla gagnfræðastigsins.

35. gr.

Við skólann skal starfa einn fastur kennari auk skólustjóra. Stundakennara ræður skólustjóri í samráði við fræðslumálastjórn. Launakjör skulu vera hin sömu og við Ípróttakennaraskóla Íslands.

36. gr.

Þangað til stofnaður er skóli sá, sem um ræðir í 31. gr., fer kennsla sú, sem honum er ætlað að inna af höndum, fram í kennaradeild Handiða- og myndlistar-skólans í Reykjavík. Ríkissjóður kostar þá deild að öllu leyti, meðan svo stendur.

VI. KAFLI

Um húsmæðrakennaraskóla.

37. gr.

Húsmæðrakennaraskóli skal starfa í Reykjavík eða nágrenni hennar. Hann skal hafa aðstöðu til þess búreksturs, sem nauðsynlegur er vegna námsins.

38. gr.

Heimavist skal vera fyrir þá nemendur, sem búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla.

39. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. hússtjórnarkennslu í húsmæðraskólum og skólum gagnfræðastigsins;
2. ráðskonustörf við heimavistarskóla og aðrar opinberar stofnanir.

40. gr.

Námstími þeirra, er ætla að verða húsmæðraskólakennarar, skal vera 2 ár hið minnsta, en 1 ár fyrir þá nemendur, er búa sig undir hússtjórnarkennslu í skólum gagnfræðastigsins og ráðskonustörf.

Nánari ákvæði um námstíma skulu sett í reglugerð.

41. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi sé eigi yngri en 21 árs fyrir næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

42. gr.

Nemendur, sem búa sig undir kennslu við húsmæðraskóla eða gagnfræðaskóla, skulu áður hafa lokið almennu kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að dómi fræðslumálastjórnar. Enn fremur skulu þeir hafa stundað fjögurra mánaða nám í húsmæðraskóla og unnið að minnsta kosti 12 mánuði samtals að heimilisstörfum í kaupstað eða sveit.

Þeir nemendur, sem búa sig undir ráðskonustörf, skulu auk skyldunáms hafa lokið prófi í húsmæðraskóla og unnið 12 mánuði hið minnsta við eldhússtörf í mat-söluhúsi, heimavistarskóla, sjúkrahúsi eða hliðstæðum stofnunum.

43. gr.

Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum:

V e r k l e g a r : Matreiðsla, ræsting og þvottur, garðrækt, hirðing húsdýra og búsafurða, meðferð ungbarna og kennsluæfingar.

B ó k l e g a r : Manneldisfræði, efnis- og áhaldafraeði og búreikningar.

Í reglugerð skal kveða nánar á um námsgreinar og námsefni. Þar skulu og settar reglur um próf og einkunnir.

44. gr.

Við skólann skal starfa einn fastakennari auk skólastjóra. Stundakennara ræður skólastjóri í samráði við fræðslumálastjórn.

45. gr.

Þriggja manna skólanefnd, kosin til fjögurra ára í senn, hefur umsjón með skólanum.

Skólanefnd skal þannig skipuð: Félag húsmæðrakennara tilnefnir einn, Kvenfélagasamband Íslands annan, en fræðslumálastjórn hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar.

46. gr.

Fræðslumálastjórn setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

47. gr.

Heimilt er að halda námsskeið fyrir kennara í aðalkennslugreinum skólans, enn fremur fyrir fóstrur samkvæmt ákvæðum reglugerðar.

VII. KAFLI

Um réttindi kennara o. fl.

48. gr.

Þá eina má skipa kennara eða skólastjóra við skóla þá, sem um getur í lögum þessum, sem hafa:

- almenna kennaramenntun eða stúdentsmenntun að viðbættu háskólanámi í uppeldis- og kennslufræðum, er fræðslumálastjórn metur gilt;
- lokið háskólaprófi í þeirri fræðigrein, sem ætlað er til, að verði aðalkennslugrein hlutaðeigenda;
- kennt tvö til þrjú ár og hlotið meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra.

Verknámskennarar, þar með taldir íþróttakennarar, þurfa þó ekki að fullnægja skilyrðum b-liðar, en verða að hafa sérmenntun í kennslugreinum sínum, er fræðslumálastjórn metur gilda.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu, skal þá fræðslumálastjórn leitast við að fá hæfan mann, og má að tveimur árum liðnum gera hann að föstum kennara, enda komi meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra til.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, sem skipa fastar stöður við skóla þá, er hér um ræðir, er lög þessi koma til framkvæmda.

49. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í tíu ár við þá skóla, er í lögum þessum greinir, og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjórn beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvornig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum árs orlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof oftár en einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvornig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna né torveldi þau.

50. gr.

Sá, sem lokið hefur almennu kennaraprófi, hefur rétt til að kenna við barna- og unglingaskóla.

51. gr.

Próf frá þeim stofnunum, sem veita kennurum framhaldsmenntun og taldar eru í II., IV. og V. kafla þessara laga, veitir þeim, sem því hafa lokið, rétt til starfs sem sérkennurum við barnaskóla. En það telst sérkennarastaða, ef hálfur starfstími kennarans eða meira er í sérgrein hans eða sérgreinum, og skal sérmenntaður kennari hafa forgöngurétt til slíkrar stöðu umfram kennara með almennu kennaraprófi.

52. gr.

Nú eru kenndar í barnaskólum fleiri sérgreinar en sérmenntun er hægt að fá í við stofnanir þær, sem um ræðir í 51. gr., og fer um réttindi sérkennara í þeim samkvæmt ákvörðun fræðslumálastjórnar í hvert sinn, nema sérstök lög verði um það sett. Þó skal þess gætt, svo sem tók eru á, að kröfur um almenna og sérstaka menntun þessara kennara séu eigi minni en gert er ráð fyrir í lögum þessum.

53. gr.

Um réttindi almennra kennara og sérkennara við skóla gagnfræðastigsins fer eftir samsvarandi reglum og við barnaskóla. Þó skulu gerðar til þeirra meiri menntunarkröfur, eftir því sem fært er á hverjum tíma.

54. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón þeirra skóla, er um getur í lögum þessum. Kostnaður við rekstur þeirra greiðist úr ríkissjóði.

55. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 50 1943, um Kennaraskóla Íslands, lög nr. 12 1942, um Íþróttakennaraskóla Íslands, svo og önnur ákvæði, er koma í bág við þau.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt að beiðni menntamálaráðherra, og fylgdu því þær athugasemdir, sem hér fara á eftir. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

„Fyrir 64. löggjafarþing voru lögð frumvörp til laga um tilrauna- og æfingaskóla (99. mál, þskj. 173) og um menntun kennara (100. mál, þskj. 174). Hvorugt þessara frumvarpa náðu afgreiðslu, og hefur millipinganefnd í skólamálum haft þau til endurskoðunar og fellt hið fyrrnefnda í hið síðarnefnda og tekið upp ýmsar breytingartillögur, sem ræddar voru í menntamálanefnd neðri deildar.

II. kafli hins upphaflega frv. til laga um menntun kennara var sendur háskólaráði til umsagnar af menntamálanefnd Nd. Alþingis. Kaus háskólaráð þriggja manna nefnd til þess að fjalla um málið. Í nefndinni áttu sæti prófessorarnir Sigurður Nordal, Símon Ágústsson og Leifur Ásgeirsson. Átti sú nefnd viðræður um málið við ýmsa af kennurum háskólans. Í þeim viðræðum kom fram nokkur gagnrýni á tillögum millipinganefndarinnar, einkum á því atriði, að á vegum deildarinnar skyldi gert ráð fyrir kennslu og prófum í öðrum greinum en þeim, sem heyrðu til uppeldis og kennslufræðum.

Niðurstaðan af þessari athugun varð sú, að samdar voru af hálfu heimspekideildar háskólans nýjar tillögur, sem koma skyldu í stað II. kafla frv. Í þeim tillögum eru felld burtu öll ákvæði um aðra kennslu á vegum deildarinnar (eða stofnunarinnar, eins og hún er kölluð í hinum nýju tillögum) en þá, sem lýtur beint að uppeldis- og kennslufræðum. Að öðru leyti eru þessar tillögur í öllum meginatriðum sama efnis og tillögur millipinganefndarinnar.

Nú lítur skólamálan. að vísu svo á, að sú kennsla, sem ráðgerð var í öðrum greinum en uppeldisfræðum, sé næsta nauðsynleg til að tryggja skólum landsins hæfa kennara, en hún getur aðhyllt það sjónarmið, að hlutaðeigandi deildir háskólans sjái um þá kennslu að fullu og öllu, og sér enga ástæðu til að ætla, að háskólinn muni skorast undan að veita hana, þótt engin fyrirsmæli um það verði sett í lög um menntun kennara.

Á fundi háskólaráðs 18. okt. voru samræmdar tillögur skólamálanefndar og heimspekideildar.

Að þessu athuguðu vill nefndin leggja til, að hinar sameiginlegu tillögur hennar og háskólans verði látnar koma í stað II. kafla frv. til laga um menntun kennara.

Að öðru leyti visast til ýtarlegra greinargerða, er fylgdu frumvörpunum, eins og þau voru lögð fyrir 64. löggjafarþing.“